Fjármálavit

FJÁRMÁLASTJÓRINN

Skil 2

Nú eru liðnar nokkrar vikur síðan fjármunum góðgerðamálsins var ráðstafað og kominn tími til að skoða hver staðan á peningunum er.

1

Farðu í gamla skjalið sem þú sendir inn síðast og opnaðu flipann sem heitir **skil 2**. Settu inn í reitina sem heita **Fjöldi hluta** sömu tölu og var í skil 1. Í reitina sem heita **Gengi félags** og **Gengi dollars** átt þú að setja inn nýtt gengi á félögum og dollara þar sem það á við.

Ef þú hefur sett pening á bankareikning þarft þú að reikna út hversu mikla vexti þú hefur fengið. Einnig verður þú að segja hvað reikningurinn heitir sem þú lagðir inn á, í hvaða banka hann er og hversu mikla vexti hann gefur.

> **A.t.h.** vextirnir sem eru gefnir upp eru ársvextir og þú verður að taka tillit til þess að þú hefur bara geymt peningana hluta úr árinu á þessum vöxtum.

2

Reiknaðu út hversu mikið hver og ein fjárfesting hefur breyst (**hækkað eða lækkað**) í prósentum og heildarbreytingu í prósentum.

3

Finndu **a.m.k. þrjár fréttir** sem gætu útskýrt breytinguna á gengi hlutabréfanna sem þú valdir. Það mega vera innlendar eða erlendar fréttir eftir því sem við á. Settu vísun á vefslóð fréttar í útskýringarkassann.

4

Segðu frá því í ekki of löngu máli hvernig þú hefðir geymt peningana sem þú fékkst í september ef þú hefðir haft algerlega frjálsar hendur um ráðstöfun þeirra og hvers vegna. **Hefðir þú gert eitthvað öðruvísi? Hvað og af hverju?**